



STEFNA FLÓAHREPPS

2020-2023



VERKEFNIÐ

Í lok ársins 2019 ákvað sveitarstjórn Flóahrepps að hefja stefnumótun til næstu ára hjá sveitarfélaginu og móta framtíðarsýn, hlutverk og gildi með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Tilgangurinn er að innleiða sjálfbæra og framsækna þróun í sveitarfélaginu og stuðla að heilsusamlegu og bættu samfélagi, samfélagi þar sem framtíðin er björt.



HEIMSMARKMIÐ



Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015
- Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra
- Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- 
- Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt
 - Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030
 - Ríkisstjórn Íslands hefur skuldbundið sig til þess að innleiða heimsmarkmiðin
- 

SVÓT GREINING

Styrkleikar	Veikleikar
Staðsetning og lega	Smæð samfélags
Sterkt skólasamfélag	Lítill stjórnsýslueining
Samstaða og smæð	Dreifð byggð
Ljósleiðari	Fjárhagslegt svigrúm
Atvinnulíf	Innviðir, vegagerð
Hreinar afurðir	Félagsleg einangrun

SVÓT GREINING

Ógnanir	Tækifæri
Þvinguð sameining	Aukin umhverfisvitund/grænt samfélag
Of háð Jöfnunarsjóði	Breyttar neysluvenjur
Breyttar neysluvenjur	Grænar samgöngur
Reglugerðarbreytingar	Nægilegt landrými
Efnahagslegt hrun	Skipulag íbúðabyggðar
Breytingar í veðurfari	Fjölgun íbúa

GILDI FLÓAHREPPS




SJÁLFBÆRNI

Við erum sjálfbær í allri starfsemi sveitarfélagsins



FRAMSÆKNI

Við erum framsækin í atvinnulífi og uppbyggingu samfélagsins



SAMVINNA

Samvinna íbúanna leikur stórt hlutverk þegar kemur að framþróun samfélagsins



FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn Flóahrepps er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Við erum heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd



STEFNUÁHERSLUR

FRAMTÍÐARSÝN

Flóahrepps er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Við erum heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd

FRAMSÆKIÐ ATVINNULÍF

Við erum landbúnaðarsamfélag með blönduðum atvinnuvegi og fjölbreyttu og framsæknu atvinnulífi

ÖFLUGT HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Við ætlum að byggja upp öflugt og heilsueflandi samfélag þar sem búsetugæði eru með því sem best gerist á Íslandi

VIRKT ÍBÚALÝÐRÆÐI

Við viljum virkari upplýsingagjöf til íbúa og virkt íbúalýðræði með opinni og lýðræðislegri stjórnsýslu

SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Við ætlum að vera umhverfisvænt og grænt samfélag bæði hvað varðar afurðir og umhverfi





ÖFLUGT HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Við ætlum að byggja upp öflugt og heilsueflandi samfélag þar sem búsetugæði eru með því sem best gerist á Íslandi



1. Við viljum tryggja nærþjónustu og búsetugæði
2. Við ætlum að vera heilsueflandi samfélag þar sem jöfnuður ríkir
3. Við viljum stuðla að hækkandi menntunarstigi



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ BÚSETUGÆÐI

- Þjónusta við íbúa verði nálæg, góð og mæld með könnunum
- Við tryggjum nærbjónustu með tengingu við lík samfélög
- Við ætlum að leita uppi þá sem þurfa aðstoð og efla félagsleg úrræði

➤ HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

- Við viljum auka umræðu og aðstoð vegna geðheilbrigðis
- Við viljum hvetja til hreyfingar og útivistar
- Við viljum stuðla að uppbyggingu innviða til hreyfingar og útivistar
- Við stefnum að því að efla forvarnarfræðslu
- Efling slysavarna verður skoðuð



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ HÆKKA MENNTUNARSTIG

- Við leitumst við að tryggja fjármuni til reksturs á öflugum leikskóla og skóla
- Við viljum skoða að bjóða upp á fræðslunámskeið í sjálfbærni frá unga aldri
- Við ætlum að setja markmið um jafnréttisfræðslu í jafnréttisstefnu
- Við viljum tryggja jöfn tækifæri allra





SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Við ætlum að vera vistvænt samfélag
bæði hvað varðar afurðir og
umhverfi



1. Við ætlum að móta nýja umhverfisstefnu og taka mið af vistvænu samfélagi
2. Við viljum stuðla að uppbyggingu innviða fyrir græna orkugjafa
3. Við ætlum að minnka losun CO₂
4. Við ætlum að minnka sóun



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ UMHVERFISSTEFNA

- Við ætlum að setja markmið um sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda.
- Skilgreina stefnu um sjálfbærni ss. innkaupareglur
- Skilgreina verndarsvæði og svæði til skógræktar

➤ UPPBYGGING INNVIÐA

- Við ætlum að stuðla að rafvæðingu samgangna og uppbyggingu hleðslustöðva
- Við viljum kanna nýsköpunartækifæri sem felast í vinnslu metans og orkuvæðingu landbúnaðartækja
- Við viljum nýta betur orku sem verður til í sveitarfélaginu



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ MINNKA LOSUN CO2

- Við ætlum að auka fræðslu um loftslagsmál, sjálfbærni og ábyrga neyslu
- Við ætlum að mæla árangur
- Við ætlum að gera úttekt á orkunotkun og leggja áherslu á orkusparnað

➤ MINNKA SÓUN

- Við ætlum að leggja mat á sóun í sveitarfélaginu og fara í átak gegn matarsóun
- Við ætlum að setja markmið um meðhöndlun úrgangs
- Við ætlum að setja reglur um flokkun og lágmarka úrgang sem keyrður er af svæðinu
- Við viljum styðja við matvælaframleiðslu til að nýta landgæði á svæðinu





VIRKT ÍBÚALÝÐRÆÐI

Við viljum virkt íbúalýðræði með
opinni og lýðræðislegri
stjórnsýslu



1. Við stuðlum að virkari
upplýsingagjöf til íbúa
2. Við viljum tryggja jöfn tækifæri
og að allir fái að nýta hæfileika
sína
3. Við hvetjum íbúa til að vera virkir
þátttakendur



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ UPPLÝSINGAGJÖF

- Við viljum ábyrgar stofnanir sem vinna sk. sveitarstjórnarlögum um tengda aðila
- Við viljum opna stjórnslu og gott aðgengi að upplýsingum
- Við munum halda opna kynningarfundum og veita aðgengi að fundargerðum

➤ JÖFN TÆKIFÆRI

- Jafnræði í stuðningi við félagasamtök
- Allir fá að nýta hæfileika sína í sveitarfélaginu
- Að íbúar á efri árum hafi tækifæri til þess að velja sér búsetu



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ ÍBÚAR VERÐI VIRKIR ÞÁTTTAKENDUR

- Við leggjum áherslu á lýðræðislegt uppeldi
- Við byggjum upp mannvænt samfélag þar sem samvinna, samstaða og jákvæðni ríkja





FRAMSÆKIÐ ATVINNULÍF

Við erum landbúnaðarsamfélag með blönduðum atvinnuvegi og fjölbreyttu og framsæknu atvinnulífi



1. Atvinnulífið verði sjálfbært, fjölbreytt og framsækið
2. Innviðir og samgöngur eru góðar
3. Auka jafnræði og nýta þekkingu íbúanna
4. Markaðssetning svæðis og afurða



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ ATVINNULÍFIÐ ER SJÁLFBÆRT

- Fjölga sjálfbærum atvinnutækifærum og byggja upp farveg fyrir nýsköpun
- Auka sjálfbæra framleiðni, t.a.m í landbúnaði og nýta aðföng úr nærsamfélaginu
- Kanna möguleika á styrkjum til rannsókna og þróunar
- Innleiða nýsköpunarviðhorf í skólum

➤ INNVIÐIR OG SAMGÖNGUR ERU GÓÐAR

- Við ætlum að stuðla að framboði íbúða við hæfi og byggja upp græn svæði
- Við ætlum að stuðla að vegabótum í samvinnu við Vegagerðina
- Við viljum bættar almenningssamgöngur og uppbyggingu hleðslustöðva



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ AUKA JAFNRÆÐI OG NÝTA ÞEKKINGU

- Styðja starfsemi félagasamtaka og tryggja jafnræði
- Fjölga tækifærum til menntunar og tryggja að allir fái að nýta hæfileika sína
- Fræða íbúana um loftslagsmál, sjálfbærni og ábyrga neyslu

➤ MARKAÐSSETNING SVÆÐIS

- Byggja upp græn svæði og laða að unga fólkið
- Íbúar og vellíðan þeirra verði sýnilegir í sveitarfélaginu og utan þess

